

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um förgun og endurvinnslu sorps.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fellur til árlega af flokkuðu sorpi, hvað er gert við það og hvernig er förgun þess og/eða endurvinnslu nákvæmlega varið? Svar óskast um eftirfarandi flokka úrgangs: bylgjupappi – fyrirtæki, bylgjupappi – heimili, pappír og umbúðir úr sléttum pappa (svo sem mjólkurfernur og aðrar matarumbúðir), filmuplast – fyrirtæki, föt og klæði, garðaúrgangur, gras, grófur úrgangur, heyrúlluplast, hjólbarðar, húsbúnaður, jarðvegur, kertaafgangur, kjötvinnslu- og sláturúrgangur, kælitæki, ljósaperur, lyf, málmar, net, kaðlar, troll, plastumbúðir – fyrirtæki, plastumbúðir – heimili, raftæki, rafhlöður, sjónvörp og skjáir, skilgaldsskyldar umbúðir, skrifstofupappír, hvítur afskurður, skór, spilliefni, steinefni, stór raftæki, timbur, trjágreinar, trúnaðargögn og tölvur.

Umhverfisstofnun safnar saman upplýsingum um meðhöndlun úrgangs og fól ráðuneytið Umhverfisstofnun, í samvinnu við Úrvinnslusjóð, að taka saman yfirlit yfir þá úrgangsflokka sem spurt er um og eru niðurstöður þeirrar samantektar settar fram í meðfylgjandi töflu.

Í töflunni kemur fram heildarmagn flokkaðs sorps fyrir hvern úrgangsflokk sem fyrirspurnin tekur til að svo miklu leyti sem hægt var að greina magnið á einstaka úrgangsflokka. Í töflunni kemur fram hversu stór hluti flokkaðs sorps fór til endurvinnslu, magn sem fór til endurvinnslu, hversu mikið magn fór til annarrar endurnýtingar, þ.m.t. til brennslu með orkunýtingu, og magn sem fór til förgunar, þ.m.t. til urðunar. Gögnin eru fyrir árið 2007, sem eru þau nýjustu sem liggja fyrir yfir heilt ár.

Úrgangsflokkar	Heildarmagn		Önnur endur-	
	[tonn]	Endurvinnsla	nýting	Förgun
Bylgjupappi frá fyrirtækjum	4.962	4.729	233	0
Bylgjupappi frá heimilum	1.662	1.495	167	0
Pappír (þ.m.t. skrifstofupappír, afskurður, trúnaðargögn og dagblöð)	20.691	20.027	0	664
Umbúðir úr sléttum pappa	1.726	830	896	0
Filmuplast frá fyrirtækjum	733	576	157	0
Filmuplast frá heimilum	409	81	328	0
Fatnaður og skór*	1.270	0	0	0
Garða- og garðyrkjuúrgangur (þ.m.t. gras og trjágreinar)	10.051	2.028	0	8.023
Grófur úrgangur (rúmfrekur úrgangur)	5.368	0	0	5.368
Heyrúlluplast**	1.481	927	551	3
Hjólbarðar	6.489	3.472	2.463	554
Jarðvegur og steinefni (þ.m.t. mengaður jarðvegur)	37.383	0	21.786	15.597
Sláturúrgangur	19.000	7.712	298	10.990

Raftæki (þ.m.t. kælitæki, sjónvörp og skjáir, tölvur, stór raftæki og ljósaperur)	3.514	3.514	0	0
Málmar og ökutæki	53.361	53.283	0	78
Veiðarfæri (þ.m.t. net, kaðlar og troll)	1.100	473	4	623
Plastumbúðir frá fyrirtækjum	114	17	97	0
Plastumbúðir frá heimilum	327	4	323	0
Skilagjaldsskyldar umbúðir	7.502	2.963	4.539	0
Timbur	43.249	27.569	1.113	9.567
Rafhlöður	38	0	0	38
Önnur spilliefni (þ.m.t. lyf)	10.193	9.601	404	188
Heildarmagn	230.623	139.301	33.359	51.693

* Fór til endurnotkunar hjá RKÍ.

** Gögn fyrir árið 2008. Árið 2007 kom nokkuð mikið uppsafnað magn til urðunar og því gefa gögn fyrir það ár ekki rétta mynd af hefðbundinni stærð úrgangsflokksins.

Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um magn lyfjaúrgangs sem til fellur en sum lyf teljast spilliefni og eru talin með þeim flokki í töflunni. Stofnunin hefur heldur ekki upplýsingar um magn húsbúnaðar en í ársskýrslu SORPU bs. má finna að árið 2007 var tekið á móti 1.242 tonnum af úrgangi sem síðan var seldur í Góða hirðinum. Telst það endurnotkun úrgangs. Í sömu skýrslu kemur fram að SORPA bs. tók á móti 0,35 tonnum af kertaafgöngum árið 2007.